



Stöðfirskir bátar og skip

Sterkur Stöðvarfjörður – hugmynd að verkefni

Með verkefninu „Stöðfirskir bátar og skip“ er ætlunin að koma fyrir varanlegri sýningu á grjóttgarðinum við gamla hafnarsvæðið á Stöðvarfirði, utan og neðan við Sköpunarmiðstöðina. Þar verður sögu dekkbáta- og skipaflota Stöðfirðinga gerð skil og sett upp skilti fyrir hvern bát/skip með myndum og upplýsingum. Er hugmyndin að raða skiltunum upp í tímaröð þar sem gestir geta gengið niður með grjóttgarðinum í átt að bryggjunni og fræðst um helstu bátana og skipin sem voru í eigu Stöðfirðinga frá miðbiki síðustu aldar og lögðu grunninn að vexti þorpsins.

Ef vel tekst til við verkefnið gæti það orðið til þess að vekja áhuga gesta og gangandi á sögu staðarins og glæða þetta fyrrum athafnasvæði nýju lífi. Svo er alltaf möguleiki á að bæta við það fleiri sögumólum um staðinn um garðinn eftir því sem pláss og hugmyndaflug leyfir.

Hvert skilti verður á þykkri plexiglerplötu sem fest verður í steininn með völdugum boltum. Fyrirmynd skiltanna eru upplýsingaskilti við sjávarsíðuna í Reykjanesbæ sem sett voru upp fyrir um 20 árum og hafa staðið vel tímans tönn (sjá myndir).

Verkefnið verður unnið sem hluti af byggðapróunarverkefninu Sterkur Stöðvarfjörður sem er hluti af átaksverkefninu Brothættar byggðir og hefur verið sótt um styrk til undirbúnings þess úr Frumkvæðissjóði verkefnisins.



Svæðið við grjóttgarðinn þar sem hugmyndin er að koma upp skiltunum.



Fyrirmynd skiltanna á grjóttgarðinum við ströndina í Reykjanesbæ.